



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Upplýsingar um starfsemi á árinu 2003

EIGNIR 123,7 MILLJÁRDAR

Eignir sjóðsins námu 123,7 milljörðum í árslok og hækkuðu um 21,7 milljarða á árinu eða um rúm 21%. Á árinu 2003 greiddu 42.005 sjóðfélagar til sjóðsins. Iðgjaldagreiðslur námu 8.248 mkr. og er það aukning um tæp 12%. Þá greiddu 6.257 fyrirtæki til sjóðsins vegna starfsmanna sinna.

ÁVÖXTUN 15,2%

Ávöxtun á árinu 2003 var 15,2% sem samsvarar 12,1% raunávöxtun samanborið við -2,7% raunávöxtun á árinu 2002. Meðalraunávöxtun síðustu 5 árin er 4,1% og meðalraunávöxtun síðustu 10 ára er 5,9%. Ávöxtunin er nú sveiflukenndari samfara hækking hlutfalli innlendra og erlendra hlutabréfa í verðbréfasafninu. Til lengri tíma litið mun hærri hlutfall hlutabréfa skila

sjóðnum betri raunávöxtun en ef eingöngu hefði verið fjárfest í skuldabréfum.

Ávöxtun skiptist þannig eftir verðbréfaflokkum: **Innlend hlutabréf:** Raunávöxtun í fyrra var 47,1% og nafnávöxtun 51,1%. Árleg raunávöxtun innlendu hlutabréfaeignarinnar er 14,2% yfir tímabilið 1980 til ársloka 2003.

Erlend hlutabréf: Ávöxtun í dollurum var 30,3% á árinu 2003. Á móti styrktist íslenska krónan á árinu gagnvart erlendum gjaldmiðlum um 1,2%.

Skuldabréf: Raunávöxtun var 6,7% á liðnu ári samanborið við 5,9% á árinu 2002.

TRYGGINGAFRÆÐILEG STADA

Tryggingafræðileg úttekt sem miðast við árslok 2003 sýnir að skuldbindingar nema 6,8% umfram eignir. Eignir umfram áfallnar skuldbindingar nema 15,2%.

VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI

Ráðstöfunarfé á árinu 2003 var 29.735 mkr. og nemur aukningin 48% frá fyrra ári. Innlend hlutabréfakaup námu 4.850 mkr. og sala hlutabréfa 7.801 mkr. Kaup á skuldabréfum námu 14.413 mkr. og sala skuldabréfa 4.792 mkr. Erlend verðbréfakaup námu 8.799 mkr.

SÉREIGNARDEILD - 80% VÖXTUR


Séreignardeildin hefur starfað í 5 ár. Iðgjöld námu 658 mkr. samanborið við 465 mkr. árið 2002 sem er aukning um 42%. Eignir sjóðfélaga séreignardeildar námu 1.922 mkr. sem er hækking um 80% frá fyrra ári og í árslok áttu 25.499 einstaklingar inneignir. Ávöxtun á árinu 2003 var 15,2% sem samsvarar 12,1% raunávöxtun.

EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK		
Í milljónum króna	2003	2002
Innlend skuldabréf	55.575	52.479
Sjóðfélagalán	19.655	17.674
Innlend hlutabréf	16.009	13.202
Erlend hlutabréf	27.960	16.241
Verðbréf samtals	119.199	99.596
Bankainnistaður	2.914	1.337
Eignarhluti í Húsi verslunarinnar	305	232
Rekstrarfjármunir og aðrar eignir	73	73
Skammtímakröfur	1.433	939
Skammtímaskuldir	-267	-220
Hrein eign sameignardeild	121.735	100.888
Hrein eign séreignardeild	1.922	1.069
Samtals hrein eign	123.657	101.957


YFIRLIT YFIR BREYTINGAR Á HREINNI EIGN		
Í milljónum króna	2003	2002
Iðgjöld	8.248	7.383
Lífeyrir	-2.351	-2.095
Fjárfestingartekjur	16.023	-640
Fjárfestingargjöld	-132	-121
Rekstrarkostnaður	-135	-123
Aðrar tekjur	47	41
Hækkun á hreinni eign á árinu	21.700	4.445
Hrein eign frá fyrra ári	101.957	97.512
Hrein eign til greiðslu lífeyris	123.657	101.957

KENNITÖLUR		
	2003	2002
Raunávöxtun	12,1%	-2,7%
Hrein raunávöxtun	12,0%	-2,8%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	4,1%	3,2%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	5,9%	5,4%
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum	1,16%	1,18%
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,08%	0,08%
Lífeyrir í % af iðgjöldum	30,8%	30,1%
Greiðandi sjóðfélagar	42.005	41.243
Lífeyrisþegar	6.165	5.640
Greiðandi fyrirtæki	6.257	5.936
Stöðugildi	26,5	26,5


HÖFUÐSTÓLL Í MILLJÓNUM



SKIPTING VERÐBRÉFAEIGNAR



SÉREIGN Í MILLJÓNUM



LÍFEYRISRÉTTINDI

Sjóðurinn skiptist í sameignar- og séreignardeild. Sameignardeildin greiðir ellilífeyri, örorku-, maka- og barnalífeyri. Greiðsla í séreignardeild sjóðsins veitir góða viðbót við þau réttindi sem sameignardeildin veitir.

LÍFEYRISGREIÐSLUR

Á árinu 2003 nutu 6.585 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslu að fjárhæð 2.351 milljónir samanborið við 2.095 milljónir árið áður, en það er hækking um 12%. Lífeyrisgreiðslurnar eru verðtryggðar og taka mánaðarlega breytingum vísitölu neysluverðs.

Ellilífeyri-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur eru í réttu hlutfalli við iðgjöld til sjóðsins, þ.e. hærri iðgjöld gefa hærri lífeyri.



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Húsi verslunarinnar, 4. og 5. hæð
Sími 580-4000, myndsendir 580-4099
Afgreiðslutími er frá kl. 8:30 - 16:30

Heimasíða: www.live.is

Netfang: skrifstofa@live.is

ÁRSFUNDUR

Ársfundur sjóðsins verður haldinn mánudaginn 17. maí nk. kl. 17 í Gullteigi á Grand Hótel. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Magnús L. Sveinsson, formaður
Vígundur Þorsteinsson, varaformaður
Benedikt Kristjánsson
Birgir R. Jónsson
Gunnar P. Pálsson
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir
Tryggvi Jónsson

Forstjóri er Þorgeir Eyjólfsson